

Jafnréttisáætlun Álfasteins

Jafnréttisáætlun Álfasteins á við nemendur, foreldra, kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk þess tekur hún til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65 gr.laga nr.33/1944:

“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna”.

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúðs sem býr í hverjum og einum.

Stefna Álfasteins í jafnréttismálum

Meginmarkmið

- Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni.
- Að koma fram við alla kennara, starfsmenn, foreldra og nemendur af virðingu.
- Stuðla skal að því að gæta jafnréttis í öllu starfi.
- Lögð er áhersla á að hafa kynjasambættingu að leiðarljósi við skipulagningu og mótun stefnu skóla.
- Leggja skal áhersla á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka.

Kennarar og aðrir starfsmenn

- Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku kennara og annarra starfsmanna í starfshópum, greiða skal jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Gæta skal að því að auglýsingar og kynningarefni höfði til beggja kynja.
- Tryggja skal að kennarar og aðrir starfsmenn hljóti fræðslu um jafnréttismál.
- Tryggt skal að jafnréttissjónarmiða sé gætt við stöðuveitingar.
- Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla.
- Leitast skal við að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu s.s. með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna og þarfa vinnuveitanda.
- Lögð er áhersla á að kennarar og aðrir starfsmenn geti eflt kunnáttu sína og hæfni.
- Lögð er áhersla á jákvætt andrúmsloft, þar sem mannauðurinn er nýttur og öll framlög og allar hugmyndir njóta virðingar.

Nemendur

- Leikefni og viðfangsefni skulu höfða til allra nemenda.
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.

- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.
- Nemendur skulu hljóta fræðslu um jafnréttismál til að búa þá undir jafna þátttöku í samfélaginu.

Foreldrar

- Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.
- Beina skal samskiptum og orðum jafnt til feðra og mæðra þegar um sameiginlegt forræði barns er að ræða, hvort sem foreldrar eru í sambúð eða ekki.
- Um samskipti við foreldri sem ekki fer með forsjá barns fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Réttur til upplýsinga um barn.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá leikskólum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 78. gr.